

Viðskiptaráðuneyti
Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags og skattanefnd**
Sendandi: **Helga Óskarsdóttir**
Dagsetning: **15.12.2008**
Málsnúmer:

Efni: Icepro

IcePro er hlutlaus vettvangur þar sem opinberum aðilum, einkafyrirtækjum og lausnaraðilum gefst tækifæri til að sitja við eitt borð, miðla af reynslu, setja stefnu, skilgreina ferli og sannreyna tækni. IcePro safnar þekkingu á þessu sviði, innanlands og utan, og miðlar henni til aðildarfyrirtækja í formi verkefnaþátttöku, ráðstefnuhalds og kynninga ýmiskonar.

Stjórn Icepro er skipuð 5 aðilum bæði frá hagsmunasamtökum og frá ríkinu. Í stjórn eru:

Karl F. Garðarsson, Tollstjóranum í Reykjavík, formaður
Hjörtur Þorgilsson, Icelandair, varaformaður
Rúnar Júlíusson, Landsbankanum, f.h. Viðskiptaráðs, gjaldkeri
Helga Óskarsdóttir, Viðskiptaráðuneyti, meðstjórnandi
Haraldur Dean Nelson, Samtökum iðnaðarins, meðstjórnandi

Varamenn í framkvæmdastjórn:

Bergþór Skúason, Fjársýslunni
Tryggvi M. Þórðarson, Hugbúnaði
Framkvæmdastjóri ICEPRO er Örn S. Kaldalóns,

Viðskiptaráðuneytið sér um málaflokkinn rafræn viðskipti og innleiddi tilskipun þar af lútandi 2002. Viðskiptaráðuneytið hefur greitt skv. fjárlögum til Icepro síðustu ár án þess að fyrir liggi þjónustusamningar milli aðila. Ráðuneytið hefur hug á að gera þjónustusamninga um verkefni á málaefnasviði rafrænna viðskipta þar samningurinn tæki á ákveðnum verkefnum ekki föstum framlögum. Ráðuneytið fékk ákveðna upphæð í gegnum Upplýsingarsamfélagið til þess að fara í þarfagreiningu á sviði rafrænna viðskipta og mun ákveða verkefni út frá þeirri greiningu. En fyrir liggur að kynna þarf betur verklag og staðla á þessu sviði. Allt framlag ríkisins til Icepro hefur farið í laun og launat.gjöld framkvæmdarstjóra en framlag ríkisins til Icepro er 60-70% af tekjum félagsins. Ráðuneytið telur að nýting fjármagnssins geti skilað betri árangri með þjónustusamningum.

ICEPRO

Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðenda	3
Ársreikningur	4 - 6
Skýringar	7 - 8

Skýrsla stjórnar

Stjórn ICEPRO, nefndar um rafræn viðskipti, staðfestir hér með ársreikning nefndarinnar fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. febrúar 2008

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar ICEPRO, nefndar um rafræn viðskipti.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ICEPRO fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 18. febrúar 2008

PricewaterhouseCoopers hf.

Reynir Vignir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýringar	2007	2006
Rekstrartekjur			
Hlutdeild í tryggingagjaldi		6.600.000	5.914.858
Aðildargjöld	2	2.198.500	1.964.000
Ráðstefnur		0	227.102
Styrkir NES-UBL 2.0		1.200.000	5.000.000
Styrkir e-Media		780.675	0
		<u>10.779.175</u>	<u>13.105.960</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	6.351.710	6.007.709
Kostnaður vegna NES-UBL 2.0		1.690.153	3.255.601
Kostnaður vegna e-Media		371.891	0
Annar rekstrarkostnaður	3	2.132.904	1.948.307
Afskriftir		67.772	67.772
		<u>10.614.430</u>	<u>11.279.389</u>
Rekstrarhagnaður		164.745	1.826.571
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		357.349	215.892
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(92.031)	(7.754)
		<u>265.318</u>	<u>208.138</u>
Hagnaður ársins		<u>430.063</u>	<u>2.034.709</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýringar	2007	2006
Fastafjármunir			
Tölvubúnaður	4	<u>135.543</u>	<u>203.315</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		425.000	1.508.200
Verðbréf		2.048.262	1.994.545
Bankainnstæður		<u>2.189.018</u>	<u>1.607.947</u>
		<u>4.662.280</u>	<u>5.110.692</u>
Eignir samtals		<u>4.797.823</u>	<u>5.314.007</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	5	<u>4.410.158</u>	<u>3.980.095</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaráð Íslands		90.510	111.027
Ógreidd laun og launatengd gjöld		223.922	167.940
Ógreiddir reikningar		<u>73.233</u>	<u>1.054.945</u>
Skuldir samtals		<u>387.665</u>	<u>1.333.912</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.797.823</u>	<u>5.314.007</u>

Sjóðstreymi ársins 2007

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2007	2006
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		430.063	2.034.709
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		67.772	67.772
Gegnishækkun verðbréfa		(105.379)	(155.012)
		<u>392.456</u>	<u>1.947.469</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.083.199	(1.094.001)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(946.247)	689.702
Handbært fé frá rekstri		<u>529.408</u>	<u>1.543.170</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð verðbréfa		(830.940)	0
Söluverð verðbréfa		882.604	0
		<u>51.664</u>	<u>0</u>
Hækkun á handbæru fé		581.072	1.543.170
Handbært fé í byrjun ársins		1.607.946	64.776
Handbært fé í árslok		<u>2.189.018</u>	<u>1.607.946</u>

Skýringar

1. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem eru þær sömu og árið á undan.

1.1 Innlaun tekna

Aðildargjöldin eru færð til tekna í rekstrarreikningi samkvæmt aðildarskrá.

1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

1.3 Skammtímaverðbréf

Skammtímaverðbréf eru færð á markaðsvirði.

1.4 Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádrögnum 20% afskriftum af upphaflegu kostnaðarverði

2. Rekstrartekjur

	2007	2006
Aðildargjöld		
Álögð aðildargjöld ársins	2.352.500	2.292.400
Afskrifuð aðildargjöld	(154.000)	(328.400)
	<u>2.198.500</u>	<u>1.964.000</u>

3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld	5.481.569	5.209.999
Lífeyrissjóður	548.155	468.903
Tryggingagjald	321.986	328.807
	<u>6.351.710</u>	<u>6.007.709</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur skrifstofu	865.494	1.061.632
Endurskoðun	108.813	75.634
Fundur, ráðstefnur og annar kynningarkostnaður	291.169	316.076
Félagsgjöld	189.862	188.411
Erlent samstarf	677.566	290.454
Keypt tæki og áhöld	0	16.100
	<u>2.132.904</u>	<u>1.948.307</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Tölvubúnaður
Bókfært verð 1/1	203.315
Afskrifað á árinu	<u>67.772</u>
Bókfært verð 31/12	<u>135.543</u>

5. Óráðstafað eigið fé

	2007	2006
Óráðstafað eigið fé 1/1	3.980.095	1.945.386
Hagnaður ársins skv. rekstrarreikningi	<u>430.063</u>	<u>2.034.709</u>
	<u>4.410.158</u>	<u>3.980.095</u>